



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 06.05.2020
Tilvísun 2004121/0.0

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021 – 2025, 643. mál á þingskjali 1094

Fjarðabyggð fagnar þingsályktunartillögunni enda um mjög þarft verkefni að ræða.

Fjarðabyggð vill hins vegar benda á þau atriði í tillögunni sem geta valdið auknu álagi á kennara og starfsmenn skólastofnanna. Aukinn aðgangur að fræðsluefni er mjög jákvæður en ef árangur á að nást með auknum forvörnum þarf í flestum tilfellum að koma til fjölgun starfsmanna í skólum og eða á skólaskrifstofum. Því vill Fjarðabyggð benda á að þörf er á að íhuga þann aukna kostnað sem af þessu hlýst ef vel á að vera.

Við teljum því vert að benda á aukið uppeldishlutverk samfélagsins alls og skoða hvernig nýta megi hugmyndir um forvarnar-samfélagsteymi undir stjórn eða leiðsagnar félagsþjónstu í samstarfi við heilsugæslu, skólaskrifstofu og annarra fagaðila í nærumhverfi barna í stað forvarnarteymis í hverjum skóla. Forvarnarteymi í hverjum skóla gæti orðið verulega íþyngjandi í smærri sveitarfélögum þar sem fáir sérfræðingar sinna flestum skólum innan sveitafélagsins og þyrftu því að koma að mörgum teyimum en slíkt er ekki raunhæft. Við í Fjarðabyggð erum að innleiða forvarnarteymi eftir þessari hugmyndafræði sem vinnur innan leik-og grunnskólakerfisins í þétta samstarfi við aðra fagaðila.

Fyrir hönd Fjarðabyggðar

Ásta Sigríður Skúladóttir, mannauðsstjóri

Laufey Þórðardóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs